

ingum á engjum prestsetrsins Arnarbælis þannig, að lánið ávaxtist og endrborgist af prestakallinu á þeim tíma, sem stiptsyfirvöldin nákvæmar til taka. Stiptsyfirvöldin hafa að fengnu álitit kunnugra manna á umgetnum vatnsveitingum, sem staðhæfir að þær muni verða til mikilla hagsmuna fyrir prestakallið, og auka slægjuland og heyföng þess að miklum mun, og að viðhald veitingaskurðanna ekki geti álitist að leggja eptirkomandi prestum í kallinu neina þunga byrði á herðar, þar sem það verði að álita sjálfsagt, að veitingaskurðirnir við prestaskipti verði teknir út með prestsetrinu, ef á þarf að halda með fullu ofanálagi, — mælt með hinni fyrirbyggjandi bænarskrá með þessum skilmálum.

1. Að umgetið 600 rd. lán hvíli á Arnarbælis prestakalli þannig, að það gjaldi árlega vexti af láninu, og endrborgi það með $\frac{1}{20}$ árlega hin næstu ár, eptir að það er þegið, og

2. Að lánið sé bundið við það, að prestrinn fyrirfram með hreinum og greinilegum reikningi sanni, að húið sé að framkvæma jarðabætri þær, sem um er getið, þannig að þær að minsta kosti hafi kostað jafnmikið og láninu nemr.

Út af þessu skal hér með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutadeigöndum, að eg samkvæmt framannefndum tillögum stiptsyfirvaldanna og með þeim skilmálum, er þær til taka, hér með samþykki, að leggja megi 600 rd. lán sem embættislán á Arnarbælis prestakall til framkvæmdar ofannefndum vatnsveitingum.

Bréf landshöfðingjans (til amtmannsins yfir suðr- og vestrumdæminu).

Í þóknanlegu bréfi frá 2. f. m. hefir hr. amtmadrinn lagt það til, að samþykki megi veitast til að verja 100 rd. af jafnaðarsjóði vestrantsins til að kaupa hin nauðsynlegustu læknisáhöld handa settum héraðslækni í Stranda- og suðrhluta Bárðastrandarsýslu Ólafi Sigvaldasyni, þannig að þessi áhöld fylgi embættinu sem inventarium. Þar hjá hafði þér látið í ljósi, að þér ádr með samþykki dómsmálastjórnarinnar hafði veitt sama lækni 28 rd. 8 sk. af jafnaðarsjóði vestrantsins til að kaupa læknisáhöld fyrir.

Þar sem eg er hr. amtmanninum samdóma í því, að hina settu héraðslækna ekki siðr en hina föstu héraðslækna beri að gjöra færa um að útvega sér þau verkfæri, sem virðast mega óumflýanleg fyrir læknisembættin, skal samþykki mitt hér með veitt til þess, að verja megi alt að 100 rd. af jafnaðarsjóði vestrantsins í umgetnum tilgangi með því skilyrði, að ekki verði keypt önnur chirurgisk áhöld en þau, sem landlæknirinn telur óumflýjanlega nauðsynleg fyrir læknisdæmið.

Bréf landshöfðingjans (til stiptsyfirvaldanna).

Stjórnarnefnd stiptsbókasafnsins hefir í bréfi frá 6. þ. m. skýrt frá, að bókasafnið á þessu ári hafi í tilefni af 1000 ára hátíð Íslands eignast að gjöf stórmikið safn af góðum bókum bæði frá fornfræðafélaginu í Kaupmannahöfn, frá Vestrheimi, og frá fleiri öðrum stöðum, og að stjórnarnefndinni þyki því full þörf á að láta prenta lista yfir þessar bækur, og senda hann gefendunum; en hún hefir líka farið þess á leit, að þar sem eigin efni stiptsbókasafnsins sé ærið ónóg til að standast þann kostnað, sem af því fljóti, og sem, með því að listian muni verða 6—7 arkir að stærð, eptir áætlun verði als 200 rd., þá megi það fé, sem til þessa fyrirtækis útheimtis, verða greitt af upphæð þeirri, sem í áætlun um tekjur og gjöld Íslands fyrir yfirstandandi ár er ákveðin til óvissra og ófyrirséðra gjalda.

Út af þessu skal eg hér með þjónustusamlega tjá stiptsyfirvöldunum til þóknanlegrar leiðbeiningar og auglýsingar fyrir stjórnarnefnd stiptsbókasafnsins, að eg af upphæð þeirri,

17da
ágúst.

9
14da
septbr

10
19da
septbr.